ORKUSTOFNUN

Orkugarður • Grensásvegur 9 • 108 Reykjavík
Sími: 569 6000 • os@os.is • www.os.is

Atvinnuvega– og nýsköpunarráðuneytið
Erla Sigríður Gestsdóttir
Skúlagata 4
150 Reykjavík

Reykjavík, 5.febrúar 2020
Tilvísun: OS2020020014/10.0
Verknúmer: 4067700

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til breytingar á lögum um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi.

Vísað er til máls 13/2020 í samráðsgátt stjórnvalda, þar sem óskað er eftir umsögnum varðandi frumvarp til laga að breytingum á lögum um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi

Orkustofnun vill gera athugsemd við 2. gr. frumvarpsins sem lítur að tímafrest söluaðila og framleiðenda við skil á gögnum ásamt útgáfu Orkustofnunar um heildarsölu eldsneytis. Í frumvarpinu er lagt til að tímafrestur verður framlengdur um tvo mánuði.

Orkustofnun telur mikilvægt að frestur sé lengdur frá því sem áður var þar sem oft á tíðum hafa borist athugsemdir frá hagsmunaaðilum að tíminn sé of knappur. Aftur á móti telur Orkustofnun að nægilegt sé að lengja frestinn um einn mánuði, sem sagt verði tveir mánuðir í stað eins mánaðar. Ástæðan er sú að Orkustofnun er með ákveðinn tímaramma hvenær stofnunin þarf að skila inn niðurstöðum á úrvinnslu á gögnunum áfram til stofnanna hér á landi sem og erlendis. Einnig telur Orkustofnun að of langt sé liðið frá uppgjöri söluaðila og framleiðenda eldsneytis þegar þeir eiga að skila inn gögnum til Orkustofnunar ef frumvarpið verður samþykkt.

Jafnframt telur Orkustofnun að nægilegt sé að lengja tímafrest stofnunarinnar, til að gefa út yfirlit um heildarsölu eldsneytis og notkun endurnýjanlegs eldsneytis, um einn mánuð í stað tveggja, þ.e. verði fjórir mánuðir í stað fimm, samkvæmt frumvarpinu.

Að öðru leyti gerir Orkustofnun ekki athugasemd við þau ákvæði sem koma fram í fyrirliggjandi drögum að frumvarpinu.

Virðingarfyllst,

Anna Lilja Oddsdóttir, sérfræðingur – jarðhitanýting, orkuskipti

Hanna Björg Konráðsdóttir, lögfræðingur